

7. bekkur stærðfræði kennsluáætlun 2019-2020 eftir áramót

Kennarar: Guðrún Unnsteinsdóttir

7

Lýsing

Kennsluáætlun 7. bekkjar eftir áramót.

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Á tímabilinu verður farið í eftirfarandi þætti:

- ummál og flatarmál
- yfirborðsflatarmál og rúmmál
- tíma og tímaútreikninga
- tengsl vegalengdar, hraða og tíma
- samlagningu, frádrátt og margföldun almennra brota
- prósentureikning
- tengsl almennra brota, tugabrota og prósentu
- námundun og slumpreikning
- sviga í reikningi
- formúlur í töflureikni
- speglun, hliðrun og snúning
- myndtölur og talnamynstur
- algebru
- jöfnur

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Stika 3b

Námsspil

Ýmis hjálpargögn, t.d. vasareiknir, gráðubogi, reglustika og hringfari

Ljósritað efni frá kennara

I-padar

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir

Sýnikennsla

Verkefnavinna

Sameiginleg yfirferð og leiðsögn

Einstaklingsvinna

Para- og hópavinna

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Metið er út frá metanlegum hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla

Kaflakannanir í lok hvers kafla

Símat í kennslustundum

GF stærðfræði 7. bekkur - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta.

GF stærðfræði 7. bekkur - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli tákn máls og daglegs máls.

GF stærðfræði 7. bekkur - Tölur og reikningur

- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.

GF stærðfræði 7. bekkur - Algebra

- Rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á tákn máli algebrunnar.
- Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.
- Fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. Notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.

GF stærðfræði 7. bekkur - Rúmfræði og mælingar

- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.
- Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.

